



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUNARGERÐ

ÞÁTTTAKA 13-16 ÁRA UNGLINGA Í FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARFI



SEPTEMBER 2012

Inngangur

Á vordögum 2012 fór af stað á vegum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar tilraunaverkefni í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlanagerð. Eitt af verkefnum skóla- og frístundasviðs var að skoða þátttöku unglunga í félagsmiðstöðvastarfi og setja fram tillögur vegna vinnu fjárhags- og starfsáætlana 2013.

Verkefnisteymi var skipað þeim Berglinði Hansen frá tölfræði- og rannsóknarþjónustu, Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur deildastjóra unglungastarfs í Kampi, Eygló Rúnarsdóttur verkefnastjóra á fagskrifstofu frístundamála og Héðni Sveinbjörnssyni rekstrarstjóra í Frostaskjóli sem jafnframt var teymisstjóri. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, var eigandi verkefnisins.

Við undirbúning var ákveðið að skoða þátttöku 13 – 16 ára unglunga í félagsmiðstöðvastarfi frá 1. janúar til 31. mars 2012 eftir kynjum. Í því skyni voru kortlögð viðfangsefni á dagskrá allra félagsmiðstöðva í Reykjavík á þessu tímabili, þátttaka beggja kynja, opnunartími og kynjahlutfall starfsfólks. Jafnframt var stefnt á kostnaðargreiningu viðfangsefna/starfsþátta.

Niðurstöður

Teymið setti verkefninu almenn markmið og jafnréttismarkmið eftir forskrift frá stýrihópi. Almennu markmiðin voru að kortlagning og kostnaðargreining þátttöku 13-16 ára unglunga í félagsmiðstöðvastarfi í Reykjavík eftir kynjum. Jafnréttismarkmiðið var jöfn þjónusta og fjármagn fyrir stelpur og stráka í félagsmiðstöðvum í Reykjavík.

Teyminu tókst með ágætum að kortleggja þátttöku eftir kynjum en ómögulegt reyndist að greina kostnað eftir viðfangsefnum og starfsþáttum úr þeim gögnum sem fyrir lágu. Erfitt er að segja til um jafnréttismarkmið þar sem niðurstöður sýndu ekki mikinn mun á þátttöku kynjanna. Vinna hópsins er skref í þá átt að tryggja að þjónustan sé veitt unglungum óháð kyni. Nokkrar félagsmiðstöðvar kortlögðu starfsemi sína eftir „mainstreaming“- hugmyndafræði fyrir nokkrum árum og gæti það haft áhrif á niðurstöður.

Viðfangsefnið

Félagsmiðstöðvastarf er að mestu leyti opið starf þar sem þátttakendur mæta til leiks eftir áhuga og aðstæðum hverju sinni. Unglingar greiða ekki almenn þátttökugjöld en allir unglingar í þjónustuhverfi félagsmiðstöðvar eru sjálfkrafa aðilar að þjónustunni. Einstaka viðburðir krefjast þó þátttöku unglunga í kostnaði og eru auglýstir sérstaklega. Fjöldi þátttakenda er daglega skráður af starfsfólki eftir kyni, tíma dags og viðfangsefnum. Eðli starfsins býður ekki upp á skráningu undir nafni og kennitölu. Starf 22 félagsmiðstöðva var skoðað. Félagsmiðstöðvarnar Þúgyn á Kjalarnesi og Askja var ekki með. Öskju sækja unglingar í Klettaskóla, sérskóla fyrir fötluð börn og unglunga. Unglingar í Öskju eru fyrirfram skráðir í gegnum Rafræna Reykjavík og greiða fyrir þátttöku í starfinu. Mikilvægt er að skoða þjónustu Öskju eftir kynjum síðar. Rekstur Þúgyn á Kjalarnesi er hluti af starfi Klébergsskóla.

Lýsing á verkefninu

Verkefnið var afmarkað eftir nokkrar vangaveltur. Félagsmiðstöðvastarf er annaskipt og þegar vinna við verkefnið hófst voru áherslur að breytast með komandi sumri. Sumaropnunartími

félagsmiðstöðva er margfalt minni en á veturna. Einungis er um að ræða opið starf 1-2 sinnum í viku auk hópastarfs sem unnið er í samvinnu við Vinnuskóla Reykjavíkur.

Við undirbúning var vilji til að nota nýtt skráningarfyrirkomulag fyrir þátttöku, viðfangsefni og kostnað út frá forsendum verkefnisins. Tímaramminn gaf ekki kost á því og því var ákveðið að vinna með gögn sem þegar voru til.

Lýsing á vinnuferlinu

Undirbúningur fór að mestu fram á námskeiðum fjármálaskrifstofu. Teymið hittist á 10 tveggja tíma fundum og skipti með sér verkum milli funda við gagnaöflun og greiningu.

Gagnaöflun

Fyrsta verkefni teymisins var að vinna upplýsingar úr tölfraeðigrunni fagskrifstofu frístundamála um fjölda þátttakenda eftir kynjum, viðfangsefnum og tíma dags. Í kjölfarið var óskað eftir dagskrárskjölum félagsmiðstöðvanna fyrir janúar, febrúar og mars ásamt kyngreindum upplýsingum um starfsfólk félagsmiðstöðva og vaktir.

Til frístundamiðstöðvanna var einnig leitað eftir upplýsingum um kostnað við viðfangsefni félagsmiðstöðva, svokölluðum rekstrarskjölum, frá einni félagsmiðstöð hvernar frístundamiðstöðvar. Í rekstrarskjöl er færður allur kostnaður við starfsemi félagsmiðstöðva utan við fastan kostnað (laun, húsnæðiskostnað og grunnkostnað við aðstöðu).

Úrvinnsla gagna

Dagskrárskjöl og viðfangsefni voru lesin saman og þemagreind í alls 11 flokka:

- Námskeið/smiðjur
- Ball
- Keppni
- Opið hús
- Ferð
- Klúbbastarf/nefndir
- Þema
- Fræðsla
- Matargerð
- Afþreying
- Hópleikir
- Engar upplýsingar/annað

Þemagreind viðfangsefni, kyngreindar þátttökutölur, kyngreindar starfsmannatölur og opnunartími mynduðu gagnasafn sem sett var í tölfraeðiforritið SPSS. Þar voru unnar tölur og myndir í excel til frekari greiningar.

Rekstrarskjöl voru rýnd samhliða viðfangsefnum til þess að greina kostnað við viðfangsefni. Það reyndist þó ógjörningur þar sem ómögulegt var fyrir utanaðkomandi aðila að rekja nema brot af færslunum niður á viðfangsefni í dagskrá eftirá.

Helstu niðurstöður

Tafla 1 gefur yfirlit yfir þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi eftir kyni, viðfangsefni og fjölda starfsfólks. Ekki var afgerandi munur á heildarþátttöku unglunga eftir kynjum þessa þrjá mánuði. Heimsóknir stelpna voru aðeins fleiri eða 22.033 á móti 21.725 heimsóknum stráka. Kynjamunur var varla merkjanlegur í flestum viðfangsefnum.

Á langflestum viðburðum voru kynjahlutföll þátttakenda og starfsfólks á vakt svipuð. Kynjahlutföll þátttakenda og starfsfólks héldust í hendur í nokkrum tilvikum, þ.e.a.s þegar aðeins fleiri stelpur sóttu viðburð þá voru oft aðeins fleiri konur á vakt. Stelpur sóttu meira þema (60%), böll (54%) og klúbbastarf/nefndir (52%) en fleiri konur voru meðal starfsfólks á viðburðum tengdum þema og böllum þó að það hafi ekki verið eins mikill kynjamunur og meðal þátttakenda. Það má velta því upp viðfangsefnin höfði frekar til unglingsstúlkna og kvenkyns starfsfólks eða hvort fjöldi kvenkyns starfsfólks hafi áhrif á aukna þátttöku stelpna.


Á einstaka viðburði var fylgnin þó öfug. Strákar sóttu aðeins oftár námskeið/smiðjur en stelpur eða 51% en á þessum viðburðum voru um 54% starfsfólks konur. Einnig sóttu strákar meira fræðslu eða 54% en 51% starfsfólks á vakt voru konur. Það ber þó að hafa í huga að þessir viðburðir voru fátíðir eða 27 og 13 talsins. Í hópleikjum, keppnum og matargerð voru strákar oftár þátttakendur. Í hópleikjum voru jafnframt fleiri karlkyns starfsmenn við störf.

Tafla 1. Fjöldi viðburða, þátttakenda og starfsmanna á vakt.

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi kvk	Hlutfall kvk	Fjöldi kk	Hlutfall kk	Fjöldi stm. kvk	Hlutfall stm.kvk	Fjöldi stm.kk	Hlutfall stm.kk
Engar upplýsingar	4	0,3%	43	45,7%	51	54,3%	2	50,0%	2	50,0%
Námskeið/smiðjur	27	1,8%	407	49,0%	423	51,0%	50	54,3%	42	45,7%
Opið hús	712	47,6%	7701	48,6%	8148	51,4%	988	50,3%	978	49,7%
Þema	11	0,7%	114	59,1%	79	40,9%	31	58,5%	22	41,5%
Afþreying	223	14,9%	5226	52,9%	4661	47,1%	381	50,8%	369	49,2%
Ball	59	3,9%	2426	54,2%	2046	45,8%	120	50,6%	117	49,4%
Ferð	59	3,9%	1016	50,2%	1009	49,8%	87	50,3%	86	49,7%
Fræðsla	13	0,9%	229	45,1%	279	54,9%	26	51,0%	25	49,0%
Hópleikur	55	3,7%	1019	48,2%	1096	51,8%	91	47,2%	102	52,8%
Keppni	106	7,1%	2095	48,3%	2242	51,7%	205	50,0%	205	50,0%
Klúbbastarf/nefndir	207	13,8%	1432	51,8%	1335	48,2%	250	49,3%	257	50,7%
Matargerð	19	1,3%	325	47,7%	356	52,3%	42	51,9%	39	48,1%
Alls	1495	100%	22033		21725		2273		2244	


Það var áhugavert að sjá þátttöku kynja eftir tímabilum dagsins (mynd 1). Munur var á aðsókn stráka og stelpna yfir öll tímabil. Mun fleiri strákar sóttu starfið í eftirmiðdaginn en aðeins fleiri stelpur á kvöldin. Stelpur voru einnig í meirihluta þeirra sem sóttu í viðfangsefni á morguntíma. Félagsmiðstöðvastarf var ekki opið á morgnana nema á ferðalögum og gistinóttum. Langmest aðsókn var á kvöldin og þá var kynjamunur minnstur. Aðeins 4% fleiri stelpur en strákar sóttu kvöldviðburði.

Fleiri heimsóknir stráka í eftirmiðdaginn mátti rekja til fleiri heimsókna þeirra en stelpna á opið hús sem er algengasta viðfangsefni eftirmiðdagsins (tafla 1). Á móti kom að klúbbastarf/nefndir, þó mun færri viðburðir, voru annað algengasta viðfangsefni í eftirmiðdagsins og það sóttu fleiri stelpur.



Mynd 1. Fjöldi heimsókna í félagsmiðstöð og kynjahlutfall unglunga eftir tíma dags

Kynjahlutfall í starfsmannahópnum var nánast jafnt í eftirmiðdag og á kvöldin en þá sækja langflestir unglingar starfið. Fleiri konur sinna örfáum morgunvöktum (mynd 2). Skoða þyrfti samsetningu starfsfólks á vöktum með tilliti til starfshlutfalls og starfsheita til að geta með vissu sagt um hvort launakostnaður dreifist jafnt á konur og karla. Viðvera starfsfólks af báðum kynjum, og þar með fyrirmynda af báðum kynjum, virðist því koma jafnt til móts við stelpur og stráka á annatímum en hallar á stráka á morgnana. Svo er það annað mál og stærra hvort stelpur og strákar sjái einungis fyrirmyndir í starfsfólki af sama kyni en það verður látið liggja milli hluta hér.



Mynd 2. Kynjahlutfall starfsmanna eftir hvenær dagsins þeir eru að vinna í félagsmiðstöðvum

Kostnað við húsnæði var erfitt að kortleggja með tilliti til kynjanna. Til að greina húsnæðiskostnað eftir þátttöku kynja þyrfti að koma til vettvangsrannsókn þar sem notkun þátttakenda á aðstöðu félagsmiðstöðva væri skoðuð eftir kyni sem ekki reyndist unnt að gera að þessu sinni.

Aðeins meiri kynjamunur kemur fram á aðsókn þegar viðfangsefni félagsmiðstöðva eru skoðuð eftir frístundamiðstöðvum. Opið hús var langalgengasti viðburður í félagsmiðstöðvunum, yfir 150 skipti innan þriggja frístundamiðstöðva. Í Árseli sóttu 6% fleiri strákar opið hús og í Miðbergi 4% fleiri strákar. Hins vegar sóttu 6% fleiri stelpur opið hús í Kringlumýri. Þar sem kynjamunur var 10% eða meiri var þó oftast um að ræða sjaldgæfari viðburði, 22 skipti eða færri. Félagsmiðstöðvar Kringlumýrar skáru sig þó úr þar sem kynjamunur var 10% eða meiri í tveimur algengum viðburðum, afþreyingu sem voru haldnir í 71 skipti og í klúbbastarfi/nefndum sem haldnir voru í 30 skipti. Kynjamunur var einnig í næstalgengasta viðburði í félagsmiðstöðvum Miðbergs, afþreyingu, þar sem 10% fleiri stelpur sóttu þessa 40 viðburði. Hafa ber í huga að samanburður milli frístundamiðstöðva er erfiður því fjöldi félagsmiðstöðva og þar með viðburða er mjög misjafn. Fjöldi unglunga í þjónustuhverfum félagsmiðstöðva er jafnfram ólíkur.

Tafla 2. Hvernig aðsókn skiptist á viðfangsefni eftir kynjum, frístundamiðstöðvum og fjölda viðfangsefna

Frístunda- miðstöð		Engar uppl.	Námskeið/ smíðjur	Opið hús	Þema	Afþreying	Ball	Ferð	Fræðsla	Hópleikur	Keppni	Klúbbastarf/ nefndir	Matargerð
Ársel	Fj. viðburða	0	2	209	1	21	9	6	2	22	23	55	3
	Kvk	0%	39%	47%	100%	52%	55%	50%	48%	44%	48%	52%	48%
	Kk	0%	61%	53%	0%	48%	45%	50%	52%	56%	52%	48%	52%
Frostaskjól	Fj. viðburða	2	0	11	0	4	5	7	1	4	12	33	0
	Kvk	46%	0%	42%	0%	50%	49%	47%	58%	47%	44%	52%	0%
	Kk	54%	0%	58%	0%	50%	51%	53%	42%	53%	56%	48%	0%
Gufunesbær	Fj. viðburða	0	11	60	0	42	20	18	6	5	36	67	3
	Kvk	0%	41%	47%	0%	50%	56%	50%	44%	53%	46%	47%	37%
	Kk	0%	59%	53%	0%	50%	44%	50%	56%	47%	54%	53%	63%
Kampur	Fj. viðburða	0	6	86	0	45	4	11	2	4	14	13	1
	Kvk	0%	51%	50%	0%	52%	52%	51%	47%	48%	55%	56%	36%
	Kk	0%	49%	50%	0%	48%	48%	49%	53%	52%	45%	44%	64%
Kringlumýri	Fj. viðburða	2	5	187	9	71	18	6	0	12	5	30	7
	Kvk	44%	61%	53%	58%	55%	55%	69%	0%	52%	59%	66%	51%
	Kk	56%	39%	47%	42%	45%	45%	31%	0%	48%	41%	34%	49%
Miðberg	Fj. viðburða	0	3	159	1	40	3	11	2	8	16	9	5
	Kvk	0%	59%	48%	57%	55%	54%	45%	28%	52%	50%	59%	51%
	Kk	0%	41%	52%	43%	45%	46%	55%	72%	48%	50%	41%	49%

Ekki reyndist gerlegt að kostnaðargreina viðfangsefni eftir kyni og því ómögulegt að meta hvort fjármagni var varið jafnt til beggja kynja.

Tillögur

Að þessum niðurstöðum fengnum er það mat hópsins að stíga þarf varlega til jarðar við að álykta um þjónustu félagsmiðstöðva við stelpur og stráka. Hópurinn leggur því til eftirfarandi:

- **Skráningarmódel fyrir félagsmiðstöðvastarf.** Hanna þarf nýtt skráningarmódel sem gerir ráð fyrir skráningu kostnaðar við viðfangsefni samhliða þátttökutölum. Skoða þarf hvaða breytur eru mikilvægar, s.s. kyn, uppruni, aldur og annað sem þarft til að greina og aðlaga í kjölfarið enn betur þjónustuna að markhópum félagsmiðstöðvarinn hverju sinni.
- **Verklag við þátttökuskráningu.** Teymið ræddi um áreiðanleika skráninga í tölfræðigrunn fagskrifstofu frístundamála. Mikilvægt er að hnykkja á verklagi við skráningu þátttökutalna til að lágmarka huglæg áhrif starfsfólks sem oft eru í erfiðri stöðu við að telja þátttakendur á viðburðum félagsmiðstöðva, einkum þegar fjölmennt er.
- **Frekari gagnasöfnun og úrvinnsla.** Teymið telur nauðsynlegt að endurtaka verkefnið, afla gagna eftir fyrirframgefnu skráningarmódeli og greina þau eftir sömu leiðum og gert var hér. Tillaga um tilraunaverkefni í janúar til mars 2013 með þátttöku nokkurra félagsmiðstöðva.
- **Kostnaðargreining.** Skilgreina þarf fastan og breytilegan kostnað við rekstur félagsmiðstöðva svo hægt sé að kostnaðargreina félagsmiðstöðvastarf eftir breytum, t.d kyni, hverju sinni.
- **Kynning á niðurstöðum.** Mikilvægt er að verkefnisstjórar félagsmiðstöðva og stjórnendur frístundamiðstöðva fái kynningu á niðurstöðum og geti í kjölfarið ígrundað starfsemina og tryggt báðum kynjum jafna þjónustu.

Álitaefni

Hvernig nýttist vinnufyrirkomulagið?

Teymið telur vinnuna mjög þarfa ígrundun á starfi félagsmiðstöðva. Afmörkun á slíku verkefni innan tímaramma er nauðsynleg til að niðurstöður gagnist sem best fyrir næstu skref. Þau gögn sem aflað var sönnuðu mikilvægi sitt og styðja við umræðu innan frístundaskrifstofu um mikilvægi þess að afla gagna um frístundastarf til greiningar og áætlanagerðar.

Teymið er ánægð með undirbúningsnámskeiðin sem voru gagnleg auk þess sem tíminn nýttist vel til umræðu og áætlunargerðar. Námskeiðin voru nauðsynlegur grunnur til að geta unnið hratt og vel að markmiðum verkefnisins þar sem tímaramminn var knappur.

Hvernig nýttast niðurstöður verkefnisins sviðinu/skrifstofunni?

Hagnýtt gildi verkefnisins fyrir fagskrifstofu frístundamála sem og frístundamiðstöðvar er nokkurt.

- Stuðningur við endurskoðun verklags og hönnun skráningarmódelis til gagnaöflunar í daglegu starfi félagsmiðstöðva.
- Niðurstöður eru veganesti fyrir stjórnendur við gerð starfsáætlunar 2013. Töluvert af gögnum var greint niður á hverfi sem ekki eru birt hér. Jafnframt gefa niðurstöðurnar tilefni til þess að huga að nýtingu fjármagns í tækjakaup og rekstur fyrirfram.
- Teymið hefur þjálfað sig í vinnulagi við greiningu á þáttum í starfi félagsmiðstöðva og öðlast þekkingu sem ætti að nýtast til greiningar á ólíkum þáttum í frístundastarfi.
- Niðurstöður eru að mörgu leyti jákvæðar og því hvatning til að hlúa áfram að jafnréttismarkmiðum í starfi félagsmiðstöðva, s.s. jafnt kynjahlutfall starfsfólks og jafna þjónustu við stráka og stelpur, sem og aðra ólíka hópa.
- Niðurstöðurnar gefa færi á að skoða mismunandi hlutverk og verkefni starfsfólks eftir kynjum í daglegu starfi félagsmiðstöðvanna.

Er þörf á frekari vinnu?

Þörf er á að endurskoða, skrá og greina með markvissum hætti þætti í starfi félagsmiðstöðva. Vettvangsrannsókn væri ákjósanleg til að skoða notkun húsnæðis og aðstöðu eftir kyni þátttakenda.

Eru hindranir í vegi fyrir því að niðurstöðurnar geti nýst?

Áhugaleysi þeirra sem stýra starfinu gæti hamlað því að niðurstöður nýtist. Vinna við nýtt skráningarmódel nái ekki fram að ganga. Jafnframt gæti starfsfólk upplifað aukið verkefnaálag við greinabetri skráningar.

Eru hindranir í vegi fyrir því að hægt sé að vinna verkefnið áfram?

Einu hindranir fyrir næstu skref eru tími og fjármagn. Og svo þarf að setja verkefnið á áætlun.

Hvað hefði mátt betur fara?

Tímasetning verkefnisins var félagsmiðstöðvastarfi óhagstæð þar sem þungi starfseminnar er frá september til maí. Því þurfti að vinna með fyrirbyggjandi gögn í stað þess að afla gagna eftir fyrirfram ákveðinni forskrift. Sumarleyfi og verkefnaálag á teyminu settu jafnframt strik í reikninginn.

Aðrar ábendingar

Teymið veltir því upp hvort ekki hefði verið kostur að virkja fleiri með til þátttöku. Víðtækara samstarf hefði aukið möguleika á að sú þekking sem hlýst af verkefninu, bæði niðurstöður og verklag, dreifðist betur og gagnaðist fleiri félagsmiðstöðvum. Umfang verkefnisins hefði þó líklega vaxið til muna.